

# Helstu niðurstöður aðalfundar Vátryggingafélags Íslands hf. þann 16. mars 2023

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) þann 16. mars 2023 voru samþykktar þær tillögur sem að neðan greinir.

## Dagskrárliður 2

### Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

## Dagskrárliður 3

### Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður sem nemur kr. 0,554 á hlut fyrir árið 2022. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 951 milljónir króna en að teknu tilliti til eigin bréfa munu 940 milljónir króna greiðast til hluthafa. Arðsákvörðunardagur er 16. mars 2023 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 20. mars 2023 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 17. mars 2023 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 28. mars 2023 (arðgreiðsludagur).

## Dagskrárliður 4

### Tillaga um starfskjarastefnu og kaupaukakerfi

Aðalfundur samþykkti starfskjarastefnu og kaupaukakerfi að teknu tilliti til breytingartillögu Gildis-lífeyrissjóðs og stjórnar VÍS eins og hún var kynnt á aðalfundinum og með fréttatilkynningu í Kauphöll þann 15. mars 2023. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

## Dagskrárliður 5

### Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun

Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins úr kr. 1.750.000.000 að nafnverði í kr. 1.696.700.000, og að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 53.300.000 verði þannig ógiltir. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um endanlegt samþykki fyrirtækjaskrár Skattsins.

## Dagskrárliður 6

### Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Samþykkt var að taka tillögu um breytingu á tilgangssákvæði samþykktu félagsins af dagskrá fundarins.

Samþykkt var að heimila stjórn, að fengnu samþykki fyrirtækjaskrár Skattsins, að uppfæra samþykktir félagsins til samræmis við samþykktu hlutafjárlækkun, þannig að 3. gr. samþykktu félagsins orðist svo:

*„Hlutafé félagsins er 1.696.700.000 - einn milljarður sexhundraðníutíuogsex milljónir og sjöhundruð þúsund – og skiptist í jafn marga hluti.“*

Samþykkt var að breyta 2. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins með þeim hætti að heimilt sé að boða til hluthafafundar með skemmst þriggja vikna fyrirvara en lengstur verði fyrirvarinn 6 vikur í samræmi við nýmæli í 1. mgr. 88. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 þannig að 2. málsgrein sem orðast svo:

*„Til hluthafafundar skal boðað með skemmst þriggja vikna fyrirvara, lengst sex vikna fyrirvara.“*

Samþykkt var að bæta við málsgrein við 11. gr. samþykktu félagsins sem orðast svo:

„Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar tilkynni félaginu um þátttöku sína á hluthafafundi með allt að 2 daga fyrirvara og skal það koma fram í fundarboði með skemmst þriggja vikna fyrirvara.“

## Dagskrárliður 7

### Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefninganefnd

Samþykkt var að mánaðarleg stjórnarlaun hækki um 6,76% á mánuði og verði kr. 475.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 913.000 fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 475.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 128.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Föst mánaðarleg þóknun verði greidd fyrir störf í undirnefndum stjórnar sem hér segir, en formenn nefnda fái greidda tvöfalda þóknun á við aðra nefndarmenn:

Fyrir setu í endurskoðunarnefnd kr. 80.000 á mánuði

Fyrir setu í starfskjaranefnd kr. 54.000 á mánuði

Fyrir setu í áhættunefnd kr. 80.000 á mánuði

Þóknun fyrir störf í tilnefningarnefnd verði óbreytt, eða kr. 95.000 á mánuði og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

## Dagskrárliður 8

### Kosning stjórnar félagsins

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörnir í stjórn félagsins fyrir næsta starfsár:

#### Aðalstjórn

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason

Guðný Hansdóttir

Marta Guðrún Blöndal

Stefán Héðinn Stefánsson

Vilhjálmur Egilsson

#### Varastjórn

Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir

Sveinn Friðrik Sveinsson

Stjórn félagsins hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Stefán Héðinn Stefánsson og varaformaður er Vilhjálmur Egilsson.

## Dagskrárliður 9

### Kosning endurskoðunarfélags

PricewaterhouseCoopers ehf. var kjörið endurskoðunarfélag VÍS.

## Dagskrárliður 10

### Kosning tilnefningarnefndar félagsins

Tilnefningarnefnd félagsins fyrir næsta starfsár var sjálfkjörin, en hana skipa:

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Magnús Bjarnason

## Dagskrárliður 11

### Tillögur um heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti svohljóðandi tillögu:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 12 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun, iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, iv) að mæta skuldbindingu vegna kaupréttarsamninga á grundvelli kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og til greiðslu kaupauka til starfsmanna skv. starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins og/eða v) sem gagngjald í viðskiptum, þannig að félagið ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, sem nemur allt að 10% af hlutafé þess. Heimild til endurkaupa á eigin hlutum í þeim tilgangi að lækka hlutafé er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil er þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1052, samanber lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.“